

Miðvikudaginn 27. janúar 1993.

Nr. 33/1993. **Árni Sigurðsson**  
 gegn  
**Íslandsbanka hf.**

Kærumál. Frávisun frá Hæstarétti. Gjaldþrotaskipti. Útivist í héraði. Endurupptaka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1992, sem barst réttinum 19. janúar 1993. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og synjað verði um töku á búi sínu til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í Héraðsdómi Vestfjarða var 18. desember 1992 tekin fyrir krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila. Var sú krafa upphaflega lögð fram 12. júlí 1990 við skiptaráðanda á Ísafirði, meðan sóknaraðili átti heimili þar í bæ, en hann er nú búsettur erlendis. Gekk úrskurður um kröfuna í skiptarétti Ísafjarðar 12. nóvember 1990 og öðru sinni 15. júní 1992, eftir að fyrri úrskurðurinn hafði verið felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 16. mars 1992. Hinum síðari úrskurði var skotið til Hæstaréttar með kæru samkvæmt 2. mgr. 191 gr. laga nr. 21/1991, eftir að lögsaga í málinu fluttist til héraðsdóms úr höndum skiptaréttarins 1. júlí 1992. Með dómi Hæstaréttar í kærumálinu 23. september 1992 var endanlega leyst úr því ágreiningsefni, hvort krafan væri gerð á réttu varnarþingi, og verður það ekki borið upp að nýju.

Sóknaraðili sótti ekki þing fyrir héraðsdóminum hinn 18. desember, og var hinn kærði úrskurður um töku bús hans til gjaldþrotaskipta kveðinn upp sama dag að honum fjarstöddum. Vegna útivistarinnar átti hann þann eina kost að æskja endurupptöku á málinu samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem hér verður að leggja til grundvallar, sbr. 3. mgr.

176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991. Brestur þannig heimild til kæru málsins, sbr. 4. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

---